

Fimmtudaginn 29. maí 1986.

Nr. 193/1985. **Arkitektafélag Íslands**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Hjalta Geir Kristjánssyni

(Sveinn Snorrason hrl.)

Viðurkenningardómur. Lögverndun starfsheitis. Héraðsdómur að hluta ómerktur og vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar að fengnu áfrýjunarleyfi 23. ágúst 1985, samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, með stefnu útgefinni sama dag.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, „að viðurkennt verði með dómi að vegna lögverndaðs réttar félagsmanna áfrýjanda sé stefnda óheimilt að nota starfsheitið ARKITEKT eitt sér eða samsett starfsheiti, sem felur í sér orðið ARKITEKT.“

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 2. gr. laga Arkitektafélags Íslands frá janúar 1983 er það m.a. tilgangur félagsins að vernda hagsmuni félagsmanna. Áfrýjandi er því réttur sóknaraðili þessa máls.

Stefndi var með dómi sakadóms Reykjavíkur 16. febrúar 1956 sýknaður af refsikröfu fyrir að hafa brotið gegn 3. gr. laga nr. 24/1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga, með því að nota starfsheitið húsgagnaarkitekt. Yrði það ákvæði ekki skýrt svo að honum væri óheimilt að nota þetta starfsheiti. Ákvæði 3. greinar laga nr. 73/1968 er öldungis samhljóða 3. gr. laga nr. 24/1937. Að þessu athuguðu svo og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þann þátt hans er fjallar um notkun stefnda á orðinu „arkitekt“ sem starfsheiti í hinni samsettu orðmynd húsgagnaarkitekt.

Í kröfugerð áfrýjanda felst viðtæk neikvæð viðurkenningarkrafa varðandi notkun á starfsheitinu arkitekt, bæði einu sér og sem starfsheiti í samsettri orðmynd. Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi er ekkert komið fram í málinu um að stefndi hafi notað orðið arkitekt í öðrum samsetningum en orðmyndinni húsgagnaarkitekt. Áfrýjandi hefur því ekki þeirra réttarhagsmuna að gæta, að hann geti fengið neikvæðan viðurkenningardóm gegn hugsanlegri notkun stefnda á orðinu arkitekt í öðrum samsetningum einhvern tímann í framtíðinni. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm um þennan þátt kröfugerðar áfrýjanda og vísa honum frá héraðsdómi ex officio.

Að því er varðar þann þátt kröfugerðar áfrýjanda, er lýtur að því, að stefnda verði bannað að nota starfsheitið arkitekt eitt sér, ber í fyrsta lagi að hafa það í huga að ósannað er að stefndi hafi notað starfsheiti þetta á þennan hátt. Hins vegar er upplýst að í auglýsingu fyrirtækisins Kristjáns Siggeirssonar hf., sem birtist í Þjóðviljanum 17. og 18. júlí 1982, er stefndi nefndur arkitekt. Fyrirtækið Kristján Siggeirsson hf. er sjálfstæð persóna að lögum. Stefndi heldur því fram að auglýsing þessi hafi verið birt án hans vitundar. Af hálfu áfrýjanda hefur eigi verið reynt að hnekkja þeirri staðhæfingu. Málsókn þessi beinist gegn stefnda persónulega, en ekki lögpersónunni Kristjáni Siggeirssyni hf. Verður stefndi ekki dæmdur persónulega til að þola neikvæðan viðurkenningardóm vegna téðrar notkunar Kristjáns Siggeirssonar hf. á orðinu arkitekt í fyrrnefndri auglýsingu, og breytir það engu þótt stefndi sé stjórnarmaður og prókúruhafi þess fyrirtækis. Ber því að sýkna stefnda af þessum þætti kröfugerðar áfrýjanda.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest og er áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 25.000,00 krónur.

Í stefnu var ekki greint hver væri forsvarsmaður áfrýjanda, sem að lögum ræki málið fyrir hann, eins og skylt er samkvæmt b-lið 1. málsgreinar 88. greinar laga nr. 85/1936, sbr. 22. gr. laga nr. 28/1981.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur varðandi framangreindan kröfupátt og er honum vísað frá héraðsdómi ex

officio. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Arkitektafélag Íslands, greiði stefnda, Hjalta Geir Kristjánssyni, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Halldórs Þorbjörnssonar og Sigurgeirs Jónssonar.

Við erum sammála atkvæði meiri hluta dómara um þann þátt málsins er lýtur að notkun stefnda á starfsheitinu húsgagnaarkitekt, svo og um það að ómerkja beri þann þátt héraðsdómsins sem varðar kröfu áfrýjanda um að stefnda verði bönnuð notkun orðsins arkitekt í öðrum samsetningum, og frávisun þeirrar kröfu frá héraðsdómi.

Fyrirtækið Kristján Siggeirsson hf., sem stefndi er stjórnarmaður í og prókúruhafi fyrir og selt hefur húsgögn hönnuð af stefnda, hefur í auglýsingum kallað stefnda og annan mann, sem eins er ástatt fyrir, arkitekta. Þykir áfrýjandi því eiga rétt á því að fá dóm um það hvort notkun þessa starfsheitis sé stefnda heimil eða ekki. Þar sem ljóst er að stefnda er óheimilt að kalla sig arkitekt samkvæmt 3. gr. laga nr. 73/1968 teljum við að kveða eigi á um það í dómi þessum. Eftir þessari niðurstöðu teljum við að málskostnaður fyrir báðum dómum eigi að falla niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. desember 1984.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. desember sl., hefur Arkitektafélag Íslands, Freyjugötu 41, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 28. mars 1983 á hendur Hjalta Geir Kristjánssyni, nnr. 4179-5743, Bergstaðastræti 70, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennt verði með dómi að vegna lögverndaðs réttar félagsmanna Arkitektafélags Íslands sé stefnda óheimilt að nota starfsheitið „Arkitekt“ eitt sér eða annað samsett starfsheiti, sem felur í sér orðið „Arkitekt“. Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi stefnda skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og máls-

kostnaðar úr hendi stefnanda skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ eða að mati dómsins.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Mál þetta var þingfest 7. apríl 1983. Stefndi skilaði greinargerð þ. 26. maí s.á. og gerði þá þær kröfur aðallega að málinu yrði vísað frá dómi en til vara krafðist hann sýknu. Þá var málskostnaðar krafist í báðum tilvikum.

Undirritaður dómari fékk málið til meðferðar 1. júlí 1983. Þann 13. desember s.á. var málið tekið til dóms eða úrskurðar um framkomna frávisunarkröfu stefnda að undangengnum munnlegum málflutningi og var frávisunardómur kveðinn upp þann 21. s.m.

Með kæru dagsettri 12. janúar 1984 var frávisunardómurinn kærður til Hæstaréttar sem felldi hann úr gildi og vísaði málinu heim í hérað til efnis-meðferðar og uppkvaðningar dóms að nýju með dómi uppkveðnum 21. febrúar 1984.

III.

Málavexti kveður stefnandi vera þá að með lögum nr. 24/1937 um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga, hafi starfsheitinu arkitekt eða húsameistari verið veitt lagavernd, þannig að einungis þeim er aflað höfðu sér tiltekinnar menntunar hafi verið heimilt að kalla sig arkitekt eða húsameistara. Tilgangur laga þessara hafi verið sá annars vegar að koma í veg fyrir að menn án fullnægjandi menntunar gætu nefnt sig þessum starfsheitum, svo og hins vegar að viðurkenna ákveðna þekkingu og hæfni þess er starfsheitið ber. Lögunum frá 1937 hafi verið breytt árið 1963 með lögum nr. 44, en árið 1968 hafi lög nr. 73 um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða byggingafræðinga verið sett og gildi þau lög enn. Í 3. gr. laganna segi: „Rétt til að kalla sig húsameistara (arkitekt) hafa hér á landi þeir menn einir, sem hafa fengið til þess leyfi ráðherra.“ Í 4. gr. laganna sé nánar kveðið á um þau skilyrði sem skuli vera fyrir hendi þegar leyfi ráðherra sé veitt og m.a. tekið fram um menntunarkröfur.

Stefnandi máls þessa, Arkitektafélag Íslands, sé hagsmunafélag arkitekta á Íslandi. Félagar séu eingöngu þeir sem fengið hafi leyfi ráðherra til að kalla sig húsameistara eða arkitekt. Hafi félagið allt frá stofnun beitt sér fyrir því, að einungis þeir sem hefðu til þess menntun og leyfi ráðherra mættu kalla sig arkitekta. Hafi stefnandi jafnframt um alllangt skeið leitast við að tryggja að sú vernd sem félagsmönnum sé veitt með l. nr. 73/1968 sé virt. Þessi starfsemi stefnanda hafi gengið afar misjafnlega, m.a. vegna

þess að fram hafi komið hópar manna sem aflað hafi sér þekkingar á sviði hönnunar og teiknilistar og nefni sig arkitekta og einungis í sumum tilfellum sé gerð nánari afmörkun með því að nota heitið í samsettri mynd. Megi hér t.d. nefna heitin húsgagnaarkitekt og innanhússarkitekt, en heitin séu mun fleiri.

Stefndi noti starfsheitið húsgagnaarkitekt eða arkitekt m.a. í símaskrá og auglýsingu. Stefndi hafi lokið námi í húsgagnateikningu frá Kunstfackskolan í Stokkhólmi árið 1951. Hafi hann mestmegnis starfað fyrir húsgagnaverslun Kristjáns Siggeirssonar hf. frá því hann kom heim frá námi og sé hann kynntur í auglýsingum fyrirtækisins sem „húsgagnaarkitekt“ eða sem „arkitekt“.

Árið 1955 hafi Húsameistarafélag Íslands, fyrirrennari Arkitektafélags Íslands, kært stefnda fyrir brot á l. nr. 24/1937. Í dómi sakadóms hafi eigi verið talið að stefndi hefði gerst brotlegur við nefnd lög á refsiverðan hátt og hafi hann því verið sýknaður. Máli þessu hafi ekki verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Stefnandi (sic) hafi nefnt sig innanhússarkitekt og á síðustu misserum hafi hann notað starfsheitið arkitekt, og telji stefnandi að eigi verði unað við notkun hans á starfsheitinu arkitekt, hvorki einu sér né í samsettri mynd. Sé því krafist viðurkenningar á því að þessi notkun sé óheimil.

Málsástæður stefnanda séu þær að starfsheitið arkitekt hafi um langt skeið verið verndað með lögum og veiti þeim einum sem uppfylli skilyrði 3. gr. l. nr. 73/1968 rétt til að nota starfsheitið með eða án samsetningar. Sé því um einkarétt að ræða til notkunar á starfsheitinu.

Ennfremur vísist til annarra laga sem kveði á um rétt manna til starfsheita, t.d. l. nr. 27/1981 um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.

Stefndi sé meðstjórnandi í hlutafélaginu Kristján Siggeirsson og hafi ásamt Karlí Þór Sigurðssyni, Dalatanga 23, Mosfellssveit, prókúruumboð fyrir fyrirtækið.

Sýknukrafa stefnda er studd eftirfarandi rökum.

Stefndi Hjalti Geir Kristjánsson hafi lokið námi frá Kunstgewerbeschule der Stadt Zürich árið 1950 og aflað sér síðan framhaldsmenntunar árið 1951 á Kunstfackskolan í Stokkhólmi. Starfsheiti þeirra, er námi hafi lokið frá þessum stofnunum eins og stefndi hafi gert og öðrum hliðstæðum stofnunum á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu, sé Möbelarkitekt. Stefndi hafi tekið upp starfsheiti þetta í íslenskrí þýðingu skömmu eftir heimkomu sína frá námi og hafi það m.a. verið skráð í símaskrá allar götur síðan. Stefndi hafi verið í Félagi húsgagnaarkitekta, er starfað hafi frá því á árinu 1955, en það félag, sem heiti nú Félag húsgagna- og innanhússarkitekta, hafi verið aðili að alþjóðasambandi húsgagna- og innanhúss-

arkitekta, en aðild að félaginu og alþjóðasamtökum sé bundin því skilyrði að viðkomandi hafi lokið námi hjá menntastofnunum sem viðurkenndar séu af alþjóðasamtökunum.

Stefndi hafi notað starfsheiti sitt „húsgagnaarkitekt“ ótalið í rúma þrjá áratugi. Með dómi Sakadóms Reykjavíkur þann 16. febrúar 1956 hafi honum verið veitt viðurkenning þess dómstóls á rétti til notkunar þess starfsheitis og það ekki talið brjóta í bága við rétt „húsameistara“ til þess starfsheitis. Engin vandkvæði eða árekstrar eða ruglingur við húsameistaraheitið hafi komið upp alla þessa þrjá áratugi, starfsheitið hafi þegar unnið sér traustan og fastan skilning hjá almenningi.

Þá sé á það bent að hið raunverulega lögverndaða heiti skv. 3. gr. 1. nr. 73/1968 sé húsameistari, orðið arkitekt sé sett í sviga eins og til skýringar á því að með þessu sé átt við höfund teikninga að húsi en ekki þá sem framkvæmi bygginguna á grundvelli teikninganna eins og byggingameistari, húsasmíðameistari o.s.frv.

Bersýnilegt sé einnig að félag stefnanda hafi í upphafi haft þennan skilning og nefnt félag sitt „húsameistarafélag Íslands“ og þótt stefnandi hafi síðar kosið að breyta nafni félagsins í Arkitektafélag Íslands, þá hafi sú breyting engin áhrif á efni eða tilgang laganna. Ekkert sé í lögunum er banni stefnanda að nota heldur það starfsheiti kjósi hann svo, en hann verði einnig að hlíta því að aðrir starfshópar noti hið alþjóðlega orð í samsettri mynd um starfsheiti sitt í samræmi við viðurkennda alþjóðlega venju, að fullnægðum þeim menntunarkröfum sem gerðar séu til slíks starfsheitis.

Á því sé einnig vakin athygli að lögunum frá 1937 hafi tvívegis verið breytt án þess að nokkurn tímann hafi verið hróflað við ákvæðum 3. gr. laganna. Alkunna hafi verið að alþjóðaheitið arkitekt hafi þá verið notað af ýmsum starfshópum um áratugaskeið átölulaust. Bersýnilegt sé að löggjafinn, sem vitað hafi um þessa notkun, hafi ekki talið neina ástæðu til þess að breyta 3. gr. þrátt fyrir þessa notkun í því skyni að banna öðrum starfshópum en húsameisturum notkun alþjóðlega höfundarnefnisins arkitekt og verði því að líta svo á að löggjafinn hafi ekki viljað veita húsameisturum einkarétt til notkunar alþjóðlega heitisins í starfsheiti sínu.

Stefndi hafi aldrei notað orðið arkitekt í ósamsettri mynd sem starfsheiti sitt og sé auglýsing í Þjóðviljanum 17. og 18. júlí á dskj. nr. 5 gerð án vitundar eða samráðs við stefnda, þannig að hann beri í sjálfu sér ekki subjektíva ábyrgð á birtingu hennar.

Þá sé bersýnilegt vegna efnis auglýsingarinnar og mynda þeirra er í henni séu að engin hættu sé á því að heitinu arkitekt verði þarna ruglað saman við starfsheiti húsameistara, en segja megum að í auglýsingunni sé það til lýta þar sem til höfundar sé vitnað tvívegis við hverja mublu.

Stefndi telji að tvímælis kunni að orka um aðild stefnanda að máli þessu.

Við munnlegan málflutning andmælti lögmaður stefnanda þeirri mótbáru stefnda sem of seint fram kominni að vafasamt væri að stefnandi hefði lögvarinn rétt til að banna öðrum notkun starfsheitisins arkitekt þar sem það starfsheiti nyti ekki lögverndar samkvæmt lögum.

IV.

Um það er deilt í máli þessu annars vegar hvort starfsheitið „arkitekt“ njóti lögverndar samkvæmt 3. gr. 1. nr. 73/1968 og hins vegar hvort stefndi hafi brotið gegn lögnum með notkun á starfsheitinu húsgagnaarkitekt, innanhússarkitekt eða arkitekt.

Krafa stefnanda er sú að stefnda verði talið óheimilt að nota starfsheitið arkitekt eitt sér eða í samsettri mynd.

Sú mótbára stefnda að heitið arkitekt njóti ekki verndar 1. nr. 73/1968 telst ekki of seint fram komin, þar sem hún kemur fram þegar í greinargerð stefnda.

3. gr. 1. nr. 73/1968 er svohljóðandi: „Rétt til að kalla sig húsameistara (arkitekt) hafa hér á landi þeir menn einir, sem hafa fengið til þess leyfi ráðherra.“

Af hálfu stefnda er því haldið fram að arkitekt sé þarna haft í sviga þar sem það sé einungis til skýringar á starfsheitinu húsameistari en lögverndinni sé ekki ætlað að taka til þess og því til stuðnings bendi stefndi m.a. á 2. og 3. mgr. 4. gr. laganna.

Þegar lögín eru skoðuð í heild sinni kemur í ljós að á sama hátt og arkitekt eru í sviga orðin ingeniör aftan við starfsheitið tæknifræðingur í 5. gr. laganna, byggningskonstruktör aftan við starfsheitið byggingafræðingur í 7. gr. laganna o.s.frv. Af 9. gr. laganna sést ótvírætt, að starfsheitinu ingeniör er ætlað að njóta sömu lögverndar og starfsheitið tæknifræðingur eitt sér skv. 5. gr., en í 9. gr. er kveðið á um hvernig fara skuli með ágreining sem upp kann að koma vegna notkunar starfsheitisins ingeniör í samsettri mynd. Á sama hátt nýtur starfsheitið arkitekt lögverndar eitt sér. Hins vegar er ekki að finna í lögnum ákvæði samsvarandi 9. gr. um starfsheitið arkitekt í samsettri mynd.

Þegar horft er til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frumvarpi með 1. nr. 24/1937 og umræðna sem urðu um efni frumvarpsins er það var lagt fram á Alþingi, er ljóst að tilgangur laganna var sá að veita mönnum með ákveðna menntun einkarétt á að nota tiltekin starfsheiti, svo og að veita almenningi tryggingu fyrir því að þeir menn, er einkarétt hafa á notkun starfsheita, hafi raunverulega þá verklegu þekkingu og menntun til að bera er starfsheitið gefur til kynna. Notkun stefnanda á starfsheitinu arkitekt í samsettri merkingu verður því að skoða með tilliti til þess hvort

það er fallið til þess að vekja rangar hugmyndir hjá almenningi um starfs-svið stefnda. Upplýst er, að stefndi hefur notað starfsheitið húsgagnaarkitekt frá því skömmu eftir að hann lauk námi 1951, og óátalið frá árinu 1956. Þá hefur félag húsgagnaarkitekta, nú félag húsgagna- og innanhússarkitekta, starfað frá árinu 1955. Telja verður að starfsheitið húsgagnaarkitekt hafi öðlast fastan sess í málvitund almennings með skýrri greiningu frá starfsheitinu arkitekt, enda skýrir fyrri hluti orðsins „húsgagna“ svo ekki verður um villst hvert starfssvið húsgagnaarkitekts er. Það verður því ekki fallist á það með stefnanda að notkun stefnda á starfsheitinu húsgagnaarkitekt sé til þess fallið að villa um fyrir almenningi og skerða þá vernd sem 3. gr. 1. nr. 73/1968 er ætlað að veita húsameisturum.

Ekki verður séð af skjölum málsins að stefndi hafi notað starfsheitið innanhússarkitekt og verður krafa um bann við notkun stefnda á því starfsheiti, þegar af þeim sökum ekki tekin til greina.

Skv. dskj. nr. 5 er stefndi í auglýsingu fyrirtækisins Kristján Siggeirsson hf. nefndur arkitekt. Stefndi hefur haldið því fram að auglýsing þessi sé birt án hans vitundar og ábyrgðar.

Gegn andmælum stefnda þykir ekki sannað að umrædd auglýsing hafi verið samin eða birt með vitund og samþykki stefnda og er ekki á það fallist að hann sé persónulega ábyrgur fyrir birtingu auglýsingarinnar vegna setu sinnar í stjórn fyrirtækisins. Þar sem ekki hefur á annan hátt verið sýnt fram á það að stefndi hafi brotið gegn 3. gr. 1. nr. 73/1968 með ólög-mætri notkun á starfsheitinu arkitekt, og með því að notkun hans á starfsheitinu húsgagnaarkitekt telst ekki andstæð þeirri grein, ber að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefnanda til að greiða máls-kostnað sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 30.000,00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hjalti Geir Kristjánsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Arkitektafélags Íslands, í máli þessu.

Stefnandi, Arkitektafélag Íslands, greiði stefnda, Hjalta Geir Kristjánssyni, kr. 30.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.